

Mál nr. 124/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega

Kona meiddist á hné við eða á fótboltavelli þ. 12.5.2010.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ. 14.3.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-7
2. Bréf V dags. 28.3.2012.

Málsatvik.

M sem er kennari var að taka þátt í fótboltamóti með nemendum sínum og er atvikum lýst þannig í málskoti að M hafi verið á hliðarlínunni og verið að hvetja lið sitt þegar hún hafi lent illa í mishæð en þá hafi vinstra hnéð tekið beygju að því hægra og M fallið í jörðina og meitt sig. Í tjónstilkynningu segir að M hafi misstigið sig illa og orðið fyrir áverkum sem nánar er lýst. Í tilkynningu um vinnuslys segir að M hafi verið í fótbolta með umsjónarbekk sínum og hafi M hoppað og lent illa á mishæð og meiðst á hné. M krefst bóta úr launþegatryggingu og telur að hún hafi orðið fyrir slysi. Í því sambandi er á það bent af hálfu M að hún hafi verið að fagna í fótboltaleik og hafi hoppað upp og lent á mishæð og meitt sig og telur að þar hafi verið um slys að ræða samkvæmt skilmálum 8.gr. vátryggingaskilmála. M telur að um utanaðkomandi atburð hafi verið að ræða sem olli slysinu þar sem túnið hafi verið holótt og þýft. V hafnar bótaskyldu og vísar til mismunandi lýsinga af hálfu M á atvikinu sem rakin eru hér að framan. V segir að sú rýmkun sem hafi orðið á slyshugtakinu í vátryggingarétti eigi eingöngu við tilteknar vátryggingar eins og fjölskyldutryggingar en ekki þá tryggingu sem hér ræðir um. Þá segir V að orsakatengsl séu ekki sönnuð þar sem engin samtíma læknisfræðilegum gögnum sé til að dreifa til að staðfesta að svo sé. Þess sé hvergi getið hvenær M leitaði fyrst til læknis en talað sé um nokkrar vikur eftir atvikið.

Álit.

M leitaði ekki til læknis fyrr en nokkrum vikum eftir umrætt atvik og lýsingar hennar á því sem gerðist eru nokkuð misvísandi. Miðað við fyrirliggjandi gögn telst ekki sannað að M hafi orðið fyrir slysi í skilningi 8.gr. vátryggingaskilmála þeirra sem hér um ræðir og þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á orsakatengsl þeirra meiðslu sem M varð fyrir og þess atviks sem hér um ræðir. Af ofangreindu virtu á M því ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Reykjavík 24.4. 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.